

Sp.

497. Tillaga til þingsályktunar

[234. mál]

um rannsókn á áhrifum vísitölu- og gengistryggðra lána Ferðamálasjóðs á greiðslugetu lántakenda og sérstaka aðstoð, þar sem þörf reynist.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna án tafar áhrif vísitölu- og gengistryggingar á lánnum Ferðamálasjóðs á greiðslugetu lántakenda og gera ráðstafanir til þess að veita þeim lántakendum sérstaka fjárhagsaðstoð, þar sem í ljós kemur, að um sérstaka erfiðleika er að ræða af þessum sökum.

Greinargerð.

Undanfarin ár, að minnsta kosti, hefur sá háttur verið á hafður að binda lánveitingar Ferðamálasjóðs annaðhvort við framfærsluvísitölu eða gengi íslenzkrar krónu. Í ýmsum tilfellum getur þetta talizt eðlilegt, einkum þegar um er að ræða lán til aðila, sem njóta aukinna tekna af erlendum ferðamönnum með breyttu gengi eða fylgja í rekstri sínum að öllu eða mestu leyti almennum kostnaði í landinu.

Viða er hins vegar ekki þannig ástatt. Svo er t. d. ekki á ýmsum smærri stöðum úti um land, þar sem gisting og matarsala getur að visu verið mjög nauðsynleg og aðeins fánleg á örfáum stöðum á langri leið, en gestakoma hins vegar bundin við örfáa mánuði á ári hverju og erlendir ferðamenn sjaldséðir. Á slíkum stöðum er það víða nánast byggðamál að halda við þess háttar rekstri fremur en að um hagnaðarvon geti verið að ræða.

Slíkir staðir hafa flestir átt í verulegum erfiðleikum með greiðslu vaxta og afborgana af lánnum Ferðamálasjóðs vegna vísitölu- og gengistryggingar þessara lána. Til dæmis skal það nefnt, að lítill veitingastaður úti á landi fékk lánaðar 300 000 kr. árið 1968. Síðan hefur lántakandi greitt af þessu láni samtals 50 000 kr. og vexti tæplega 70 000 kr., en eftirstöðvar eru engu að síður rúmlega 401 000 kr. Þessi sami aðili fékk annað lán að upphæð 200 000 kr., og eru eftirstöðvar af því nú 288 000 kr., þrátt fyrir greiðslu afborgana og vaxta. Sá lántakandi, sem hér um ræðir, á í vaxandi erfiðleikum með greiðslu vaxta og afborgana, enda er ljóst, að tekjuaukning hans hefur á engan máta fylgt skráðu gengi sterlingspundsins eins og lánin. Á þessum stað er ferðatíminn aðeins u. þ. b. fjórir mánuðir. Annan tíma ársins er lítill von á gestum.

Einnig mætti nefna annan veitinga- og gististað, sem er sá eini í viðkomandi sýslu. Lántakandi hefur vísitölutryggt lán frá Ferðamálasjóði. Síðasta greiðsla nam samtals u. þ. b. 62 000 kr. Af því voru 16 000 kr. afborgun, 24 000 kr. vextir, en rúmlega 23 000 kr. vísitöluálag. Einnig á þessum stað er augljós mikill erfiðleiki með að standa í skilum, enda hafa aðeins komið þar við 7 gistigestir frá því í októbermánuði.

Þannig mætti nefna fjölmörg dæmi um staði, þar sem nauðsynlegt má telja, að gisti- og veitingaaðstaða sé fyrir hendi, en arður af rekstrinum hvergi nærri slíkur, að unnt sé að standa skil á vísitölu- eða gengistryggðum lánnum.

Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er fyrst og fremst sá að vekja athygli á þessum staðreyndum, mælast til þess, að málið verði athugað án tafar og ráðstafanir gerðar til þess að veita sérstaka fjárhagsaðstoð, þar sem það dæmist rétt vera að undangenginni rannsókn. Lögð er áherzla á, að rannsókninni verði hraðað.